

Grindavík 17 júní 2013.

Erindi: Athugasemdir Landssambands Línubáta við drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

Undirritaðir f.h. stjórnar Landssambands Línubáta (LL) vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (stærðarmörk krókaaflamarksbáta, strandveiðar, gjaldrökuheimildir, viðurlög):

Í 4 gr. frumvarpsins er tekið fram að þeir bátar einir geta fengið veiðileyfi í krókaafلامarki sem eru styttri en 15 metrar og minni en 20 brúttótonn. Að leggja fram breytingartillögu um 15 metra hámarks lengd en um leið takmarka brúttótonnatöluna við 20 brúttótonn er í raun engin breyting til batnaðar. Slíkir bátar verða aldrei smíðaðir, slíkir bátar yrðu eins og blýantur í laginu og sennilega hættulegur eftir því. Ef fyrirhuguð breyting á lögum um hámarksstærð krókaafلامarksbáta á að verða til góðs þá er það útslitaatriði að samfara hámarks lengd þeirra verði hámarks stærð þeirra hækkuð í 30 brúttótonna svo samræmis og sjóhæfni bátanna verði gætt.

Landssamband Línubáta hefur áður komið á framfæri athugasemdum um hámarks lengd og stærð krókaafلامarksbáta, m.a. með bréfi dags. 27.02.2012, sem og athugasemdum við áður framlögð frumvörp sama efnis dags. 16. apríl 2012.

Nauðsyn krefur orðið heimildar til stækkunar á bátum í krókaafلامarkskerfinu. Í krókaafلامarkskerfinu er u.þ.b. 40 bátar með línubeitningakerfi og er óumdeilt orðið að hagkvæmni þessa útgerðarmáta er mikil. Sá galli er þó á að línubeitningakerfin taka mikið pláss, í raun allt pláss sem fyrir er og kemur það mjög við hollustuhætti og aðbúnað þeirra sem starfa um borð í þessum bátum. Í áhöfn eru 3 – 4 menn. Reynslan sem komin er í útgerð þessara báta sýnir að þeir eru of litlir til að sinna hlutverki sínu, bæði hvað varðar vinnuaðstöðu fyrir áhöfn og meðferð aflans. Slysahættan er augljós þar sem rýmið til að athafna sig um borð er orðið mjög takmarkað og oft á tíðum þarf að ferðast með lausan fisk á dekki um langan veg sem rýrir mjög stöðuleika þessara báta.

Að heimila stækkun krókaafلامarksbátanna í allt að 15 metrar og að hámarki 30 brúttótonn er enginn útafakstur frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið til aðgreiningar á þessum tveimur kerfum sem skilgreind eru í lögum um stjórn fiskveiða. Tilgangur með stækkun báta í krókaafلامarkskerfinu beinist fyrst og fremst að öryggi og vinnuumhverfi um borð og betri meðferð á afla. Hér er um nauðsynlega aðgerð að ræða svo aðbúnaður og hollustuhættir um borð í umræddum bátum sé viðunandi sem og samræmingu á íslenskum lögum við það sem gerist í þeim löndum er við gjarnan miðum okkur við.

f.h Landssambands Línubáta

Reynir Þorsteinsson - framkvæmdastjóri